

## Úrskurður

Tilvísunarmál nr. 2/2018-2019

**Tilvísun:** Meint ósæmileg framkoma á samfélagsmiðlum

**Kærði:** Borce Ilievski Sansa

**Tilvísunaraðili:** Stjórn KKÍ

### Tilvísun

Með erindi stjórnar KKÍ, þann 23. mars 2019 vísaði Hannes Jónsson, forsvarsmaður KKÍ, fyrir hönd stjórnar KKÍ, atviki er stjórnin taldi falla undir ákvæði 14. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd.

Um var að ræða skilaboð á samfélagsmiðlinum Twitter sem kærði lét falla fimmtudaginn 21. mars 2019 að loknum fyrsta leik Njarðvíkur og ÍR í 8-liða úrslitum Domino's deildar karla en þau voru eftirfarandi:

*„I start to believe (sic) in theory of conspiracy. Every year they throw one impotent player of me (sic). Congratulations to Njarvik (sic) on first win“*

Í tilvísun kom fram að það væri mat stjórnar KKÍ að ummælin vegi mjög að starfsheiðri og heilindum körfuknattleiksdómara og að þessi ummæli skaði ímynd íþróttarinnar. Telur stjórn KKÍ að ummæli sem þessi eigi aldrei að sjást eða heyrast hjá aðilum í kringum íþróttina á opinberum vettvangi. Var því óskað eftir að málið yrði tekið fyrir hjá aga- og úrskurðarnefnd með vísan til 14. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd.

### Athugasemdir ÍR

Í greinargerð ÍR var þess krafist að nefndin sýknaði kærða en til vara var þess krafist að agaviðurlögum yrði ekki beitt. Greinargerðin var svohljóðandi:

*„Óljóst er af textanum hvort vísað er til samsæriskenninga almennt eða hvort vísað sé til ákveðinnar samsæriskenningar væntanlega þess efnis að verið sé að vinna á mótí hagsmunum félagsins þar sem félagið hefur í tvö ár í röð lent í því að bandarískir leikmenn félagsins hafa gerst sekir um heimskuleg brot sem hafa leitt til brottvísana og skert möguleika félagsins til að ná árangri í úrslitakeppninni.*

*Kærði segir sjálfur að um gráglettni hafi verið að ræða. Hann hafi smellt þessu fram sem gríni, hafi verið að reyna að brosa í gegnum tárin. Hann segir að það sé enginn jafn svekktur yfir þessari nýjustu uppákomu leikmannsins eins og hann eða aðrir þeir sem félaginu tengjast.*

*Félagið telur að við mat á tilvísuninni/kærunni verði aga- og úrskurðarnefnd að skilja samhengi ummællana og að til þess sé nauðsynlegt að kynna sér alla málavexti en ekki bara einblína á ummælin sem slík.*

*Það er staðreynd að strax eftir leikinn lét kærði hafa eftir sér að hann efaðist ekki um að dómurarnir hefðu tekið rétta ákvörðun sbr. þennan hlekk <https://www.visir.is/g/2019190329670/borche-efast-ekki-um-ad-their-hafi-tekid-retta-akvordun>.*

*Þá skilaði félagið inn greinargerð vegna atviksins þar sem sagði m.a.: “Kærði fellst á að brottvísun úr húsi hafi verið réttilega dæmd af dómurum leiksins” .*

*Hvergi hefur verið uppi á stuðningsmannasíðum félagsins eða annars staðar umfjöllun þar sem atvikin tvö (þetta atvik og leikbann sem var réttilega dæmt á Ryan Taylor í fyrra) hafa verið tengd saman. Raunar er þetta mál rætt í lágum hljóðum innan félagsins af mikilli vantrú og sársauka að þessi staða sé uppi. Að leikmaður hafi aftur minnkað möguleika félagsins í úrslitakeppninni árið eftir að annar leikmaður hugsanlega eyðilagði sterka von um fyrsta meistaratitil félagsins síðan á áttunda áratugnum (leikmaðurinn mætti aldrei til leiks eftir úrskurðinn og það sem því atviki fylgdi) er með hreinum ólíkindum. Þetta mál er rætt á þeim nótum en hvergi (a.m.k. ekki eftir því sem undirritaður kemst næst) hafa menn tengdir félaginu tengt þessi tvö atvik saman eða mótmælt því að ákvörðun dómara eða aga- og úrskurðarnefndar hafi ekki verið réttar.*

*Raunar var krafa félagsins fyrir aga- og úrskurðarnefnd samhljóða úrskurðinum sjálfum þannig að það gefur auga leið að varla telji félagið eða kærði að ákvörðunin hafi verið röng.*

*Raunveruleg samsæriskenning er því ekki til staðar. Hér er hvorki reykur né eldur hvað það varðar og það hefur verið staðfest af bæði félaginu og af kærða á opinberum vettvangi.*

*Einnig er rétt að benda á vettvang ummællana. Varla verður því haldið fram að nokkru viti að ef hugur hefði fylgt máli hjá kærða þá væri stuðningsmannasíða Njarðvíkur rétti vettvangurinn fyrir ummæli af þessu tagi (samkvæmt hinni tilvitnuðu frétt birtist færslan þar og var síðan fjarlægð). Undirritaður telur vettvang birtingarinnar og niðurlagið þar sem*

*Njarðvíkingum er óskað til hamingju með sigurinn styðja framburð kærða að um grín var að ræða.*

*Undirritaður er fæddur rétt eftir miðja síðustu öld og telur að á eftir kjarnorkuvopnum séu samfélagsmiðlar versta uppfinning mannkyns. Kærði er fæddur á svipuðum tíma og það er reynsla undirritaðs að hann er ekki maður sem tjáir tilfinningar sínar á samfélagsmiðlum með brosköllum eða slíku. Undirritaður veltir því fyrir sér hvort þessi tilvísun hefði ratað í hendur hinnar háttvirtu nefndar ef broskall hefði fylgt fyrri hluta færslunnar?*

*Þar sem sýnt hefur verið fram á að engin raunveruleg samsæriskennig er uppi og þarafleiðandi er ómögulegt að trú á slíka kenningu stendur þá eftir spurningin hvort ummælin almennt um samsæriskenningu hafi vegið að heilindum þeirra aðila sem nefndir eru í tilvísuninni eða hvort ummælin hafi verið ósæmileg eða hvort þau hafi verið til þess fallin að skaða ímynd íslensks körfubolta.*

*Kærði og félagið vísa aftur til þess að ef tekið er mið af samhenginu er augljóslega um grín eða gráglettni að ræða. Ef tekið er mið af dómum sem fallið hafa í meiðyrðamálum er augljóst að mati undirritaðs að ekki yrði talið að vegið væri að heiðri dómara eða hreyfingarinnar og að niðurstaðan yrði að engin alvara hefði fylgt máli.*

*Þá benda kærði og félagið á að engin virðist taka fréttina alvarlega. Félagið hefur allmikla reynslu af fjölmiðlafári sem tengjast atvikum í úrslitakeppninni frá því í fyrra. Fjömiðlar virðast ekki hafa neinn frekari áhuga á þessu og engin umræða virðist vera í samfélaginu vegna ummælna. Bendir þetta til þess að mati félagsins og kærða að engin skaði sé skeður. Mörk téðar 14. gr. gagnvart tjáningafrelsi í landslögum og stjórnarskrá eru líka umhugsunarefni.*

*Það er staðreynd að fjölmiðlar éta allt upp af samfélagsmiðlum og kærði hefði mátt fara með gát í ljósi þess en ummælnum var hvorki ætlað að vega að heiðri einhvers né voru til þess fallin að gera það í reynd eða voru til þess fallin að skaða ímynd körfuboltans að mati félagsins og kærða.“*

### **Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar**

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir reglugerðin) hefur aga- og úrskurðarnefnd fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda KKÍ og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KKÍ.

Ákvæði 14. gr. reglugerðarinnar segir að stjórn og framkvæmdastjóri KKÍ skuli vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd körfuknattleiks eða þeirra sem þátt

taka í leiknum. Í ákvæðinu segir að slík atvik hafi þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara úr leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega. Þegar talað er um opinberlega í þessum skilningi er átt við alla tegundir fjölmiðla; sjónvarpsmiðla, útvarpsmiðla, prentmiðla, netmiðla, heimasíður aðildarféлага KKÍ og samfélagsmiðla. Síðan segir að fara skuli með slík mál eins og um kærúmál sé að ræða.

Með ákvæði 14. gr. reglugerðarinnar hefur nefndinni verið veitt heimild til að meta hvort ósæmileg framkoma eða atvik séu til þess fallin að skaða ímynd körfuknattleiks eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Um er ræða matskennda reglu sem er undantekning frá grundvallareglu um málfrelsi og almennu frelsi til að hegða sér á þann hátt sem menn kjósa, án þess að skaða aðra eða valda tjóni. Nefndin er því á þeirri skoðun að um sé að ræða undantekningarreglu sem ber að skýra þröngt.

Í ummælum hins kærða felast skilaboð um samsærisskenningar, sem hann tengir við að tveir leikmenn í hans liði hafa fengið brottvísanir og leikbönn undanfarin tvö ár í úrslitakeppni. Þessi ummæli beinast því að einhvers konar samsæri meðal körfuknattleiksdómara, en slíkt orðaval er almennt fallið til þess að skaða ímynd dómarastréttar og körfuknattleiks. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að skoða ummælin í víðara samhengi. Í fyrsta lagi er haft eftir hinum kærða í fjölmiðlum beint eftir leikinn að hann efist „*ekki um að þeir [dómarar leiksins] hafi tekið rétta ákvörðun.*“ Í öðru lagi mótmælti félag hans ekki kærnu til aga- og úrskurðarnefndar vegna atviks í áðurgreindum leik og taldi hæfileg viðurlög fyrir leikmann ÍR einn leikur í bann. Í þriðja lagi voru ummælin sett á vefsíðu andstæðings hans og þeim fylgdu hamingjuóskir um sigurinn. Með vísan til framangreinds, en einnig þeirrar grundvallar túlkunarreglu í agamálum um að vafi um atvik séu túlkuð kærða í hag, verður hinum kærða ekki gerð agaviðurlög í þessum tilvísunarmáli.

### Úrskurðarorð

Hinum kærða, Borce Ilievski Sansa, eru ekki gerð agaviðurlög vegna tilvísunar stjórnar KKÍ dagsett 23. mars 2019

Reykjavík 2. apríl 2019

**Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður**  
**Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður**  
**Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður**  
**Kristinn G. Kristinsson**  
**María Káradóttir**  
**Birkir Guðmundarson**